

Samþykkt um gjaldskrá gámasstöðvar Hveragerðisbæjar.

Verðskrá (gildir frá 1. maí 2007)

Á gámasstöð Hveragerðis skal greiða fyrir móttöku sorps sem hér segir:

- fyrir allt sorp frá **fyrirtækjum**, sem ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald.
- fyrir allt sorp frá **heimilum**, sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur og ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald, eins og t.d.:
 - frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis
 - frá bifreiðarviðgerðum
 - lagervörur eða fyrningar yfirteknar við húsakaup
 - úrgang vegna húsdýrahalds.

Öll losun á gámasvæðinu skal framkvæmd í samráði við starfsmann áhaldahúss. Einungis er tekið við sorpi frá íbúum Hveragerðisbæjar og fyrirtækjum staðsettum í Hveragerði

Óflokkað og óendurvinnanlegt sorp.

Lágmarksgjald	1.000 kr
Móttökugjald skv. mælingu	2.000 kr/m ³

Endurvinnanlegt sorp.

- Timbur (ólitað og óplastað)
- Járn
- Pappír
- Garðaúrgangur

Lágmarksgjald	500 kr
Móttökugjald skv. mælingu	1.000 kr/m ³

Sorp án gjalds.

Sorp frá heimilum, sem getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur er gjaldfrítt. Eftirtaldar úrgangstegundir bera úrvinnslugjald eða skilagjald og þarf því ekki að greiða móttökugjald fyrir það:

- Skilagjaldsskildar umbúðir
- Spilliefni
- Fernur
- Hjólbarðar
- Bílar (yngri en árgerð 1988)
- Rúlluplast
- Bylgjupappi
- Glær plastfilma

Öll losun á gámasvæðinu skal framkvæmd í samráði við starfsmann áhaldahúss, mæling á rúmfangi farms fer fram áður en losun hefst.

Trjágreinakurlun:

Á gámasvæðinu er öflugur trjákurlari. Starfsmenn Gámastöðvarinnar kurla trjágreinar fyrir Hvergerðinga ef þess er óskað. Þeir sem vilja notfæra sér þessa þjónustu skulu hafa samband við starfsmann í áhaldahúsi í síma 483 4085 og panta tíma. koma skal með trjágreinar á gámasvæðið þar sem starfsmaður stöðvarinnar, með aðstoð eiganda, kurlar þær í 200 lítra sekki sem stöðin leggur til.

Verð fyrir hvern sekk af kurluðu efni eru: 500 kr.

Skilagjald, sé sekk skilað í nothæfu ástandi: 200 kr/sekkur.

Kerruleiga:

Gámastöðin leigir Hvergerðingum kerrur til flutnings á sorpi á gámasvæðið.

Verð fyrir allt að 4 tíma leigu á kerru eru: 1.000 kr.

Flokkunarmöguleikar á gámasvæðinu í Hveragerði.

Brotajárn.

Allir málmar fara í þennan flokk, líka samsettur úrgangur þar sem málmur er í meirihluta. Brotajárnið er flutt til Furu hf í Hafnafirði en þar er það forunnið og hakkað niður. Brotajárnið er síðan sent áfram í bræðslu, oftast til Spánar eða Bretlands.

Grófur úrgangur

Grófur úrgangur er fyrirferðamikill blandaður úrgangur oftast húsgögn, innréttingar, byggingahlutar úr timbri og stórar umbúðir. Úrgangur sem fýkur auðveldlega eða sem meindýr sækja í má ekki flokka með grófum úrgangi. Grófur úrgangur er of notaður eftir forvinnslu sem þekjuefni á urðunarstað.

Spilliefni

Ólúr, bensín, terpentína, olímálning, illgresiseitur skordýraeitur, kvikasilfurshitamælar, sýrur, basar og framköllunarvökvar eru dæmi um spilliefni. Þessum efnum skal skila á gámastöðina, helst í upprunalegum umbúðum eða traustum umbúðum með upplýsingum um innihald. Spilliefnin eru meðhöndluð að mestu hjá Efnamóttökunni í Gufunesi en hluti þeirra er fluttur til eyðingar hjá Kommunekemi a/s í Danmörku.

Garðaúrgangur

Gras, lauf, blóm, jurtir, trjáafklippur, og aðrar plöntuleifar eru garðaúrgangur. Efni s.s. og steinull, bönd, gifs, gler, steypa eru flokkuð með garðaúrgangi.

Timbur

Ólitað og óplastað timbur. Timbur má kurla og nýta sem garðæfni eða í iðnaði s.s. málmíðnaði.

Pappír

Dagblöð, tímarit, tölvu-, ljósritunar-, prentara- og skrifpappír. Gámaþjónustan sér um söfnun á pappírnum og kemur honum til Sorpu sem baggar hann og sendir til endurvinnslu í Svíþjóð.

Fernur

Fernum (samsettum pappambúðum) er safnað á sama hátt og pappírnum. Á fernurnar er lagt úrvinnslugjald vegna söfnunar- og endurvinnslukostnaðar.

Dósir og flöskur.

Skilagjaldsskildum umbúðum er hægt að koma í verð hjá umboðsaðila endurvinnslunnar. Umboðsaðilinn er á gámasvæðinu fyrsta mánudag hvers mánaðar.